

Greinargerð
Vinafélags Þverárkirkju
(handa Húsafriðunarnefnd)

Fylgiskjal með umsókn Vinafélags Þverárkirkju,
Grenjaðarstaðarprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi,
kt. 550910-1010,
um styrk til viðhalds kirkjunnar
(frá Húsafriðunarnefnd fyrir árið 2012).

Það er starf vinafélagsins að vinna að viðhaldi Þverárkirkju. En hvert er erindið? Félagið lítur svo á að (1) Þverárbær, ásamt (2) kirkju, (3) kirkjugarði, (4) útihúsum, (5) umhverfi bæjarins og (6) sögu staðarins, sé þvítíkur dýrgripur, að hann beri að varðveita með öllum tiltækum ráðum. Svo finnst greinilega fleirum (7).

(1) Þverárbærinn, sem enn stendur, var byggður á árunum 1849-1870 (líklega á rústum miklu eldri bæjar). Búið var í bænum til ársins 1966, en árið eftir skoðaði Kristján Eldjárn bæinn. „Þverárbærinn var reistur af Jóni Jóakimssyni snikkara og bónda á staðnum, sem annálaður var fyrir vandvirkni, hvort sem var við smíðar eða búskap. Í framhúsaröð eru tvær stofur, hvor til sinnar handar við bæjardyr. Samtengd skemma er við aðra stofuna, þó ekki gegnt á milli, en skammt sunnan við bæinn er önnur stakstæð skemma. Inn af bæjargöngum er eldhús til annarrar handar og búr til hinnar. Innst er baðstofa. Inn af eldhúsi eru önnur göng til fjóss og brunnhúss. Á Þverá er margt hugvitsamlega gert, t.d. er lækur leiddur gegnum brunnhús innst í bænum svo að heppileg kæling fengist til geymslu á matvælum. Jafnframt var stutt að fara eftir rennandi vatni. Í gamla torfbænum var Kaupfélag Þingeyinga, elsta kaupfélag landsins, stofnað árið 1882. Þjóðminjasafn Íslands tók bæinn í sína vörslu árið 1968, og var fljótlega hafist handa við viðgerðir. Ný torfþekja var sett á framhúsin árið 2002.“ Sjá <http://www.thjodminjasafn.is/minjar-og-rannsoknir/husasafn/husin-kort/nr/350>. Sjá enn fremur á <http://www.husafriidun.is/husaskra/husaskrafridud-hus/nordurlandeystra/>.

(2) Kirkjuna reisti Jón Jóakimsson ca. árið 1878 ásamt Baldvini Sigurðssyni steinsmið og Þorgrími Jónssyni forsmið. Hún er reist úr höggnu móbergi sem fékkst úr klettum handan ár, og var dregið yfir hana á ís. Kirkjan stendur rétt við bæinn og myndar eina heild með honum ásamt kirkjugarði. Hún er afar falleg og dýrgripur hinn mesti. Þá skýrir tilurð kirkjunnar okkur milliliðalaust frá hugarfari dalbúa.

Söfnuður er lítill og ræður ekki, einn og óstuddur, við viðhald kirkjunnar. Þak var endurnýjað í sumar. Sú vinna var greidd af Þverárkirkju, kirkjubónda, jöfnunarsjóði söfnuða og Húsafriðunarnefnd. Næst verður ráðist í viðgerð veggja kirkjunnar, bekkja, gólfs og glugga. Sótt verður um styrki í fleiri sjóði til að halda þessu verki áfram. Það er markmið vinafélags og kirkjubónda að Þjóðminjasafn Íslands taki einnig við kirkjunni, en það verður ekki fyrr en hún hefur verið gerð upp, enda safnið með mikið á sinni könnu.

Sjá lýsingu á kirkjunni á sömu slóð Húsafriðunarnefndar. Sjá að ofan.

Sjá um minningartöflu úr Þverárkirkju á http://timarit.is/view_page_init.jsp?pagelid=2057324.

(3) Áskell Jónasson Þverárbóndi endurhlóð nýlega kirkjugarðinn og notaði m.a. til þess verks grjót sem orðið hafði eftir við byggingu kirkjunnar. Garðurinn er nú mikil þrýði.

(4) Á tíunda áratug endurbyggði Áskell, með samverkamönnum sínum, gamla lambhús Þverárbýlisins, með hlöðu, á rústum þess gamla. Það er einstætt, á öllu landinu, að saman standi bær, kirkja og útihús frá 19. öld. Fyrir liggur að endurgera hesthúsið, sem nú er fallið. Fjósið er aftur á móti áfast bænum og hefur verið gert upp. Þjóðminjasafn greiddi fyrir verkið, en Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga veitti styrk að hluta. Sjá lýsingu á húsunum á sömu slóð Húsafriðunarnefndar. Sjá að ofan.

(5) Þverá stóð í þjóðbraut fyrir tíma bílaaldar. Þangað gerðu komur sínar útlendir ferðamenn til að sjá fyrirmyndarbýli íslenskt, og skrifuðu gjarnan um upplifun sína í ferðabækur sínar og dagbækur. Umhverfi bæjarins er ekki síðra en bærinn sjálfur, með Laxá, hraunið, hólmana, kjarrið og tjarnirnar allt um lykjandi. Í landi Auðna er nýuppsett samkomuhús Ungmennafélagsins Ljóts. Norðan við Þverá eru aftur á móti Halldórsstaðir, með alla sína sögu, en þar hafa gömul hús verið endurreist. Fátt er það í Laxárdal sem truflar 19. aldar umhverfið. Sjá <http://halldorsstadir.blogspot.com/>.

(6) Sagan er merk. Jón Jóakimsson var einstakur bóndi. Hann var til fyrirmyndar um búskaparhætti alla. Á Þverá var allt til fyrirmyndar. Um það geta ótal heimildir. Að bærinn skuli enn standa er svolítið kraftaverk og hann ber að varðveita handa ókomnum kynslóðum, og allt umhverfi hans. Eins og áður getur var K.Þ. stofnað í bláu stofunni á Þverá, fyrst slíkra félaga á landinu. Sonur Jóns er m.a. Benedikt á Auðum (sem byggðar voru í landi Þverár), mikill menningarfrömuður, sem lesa má um í sögu Sveins Skorra Höskuldssonar. Dóttir Benedikts var m.a. skáldkonan Unnur Bjarklind (Hulda), en efni í ljóð sín og sögur sótti hún til búskapar- og staðhátta bernskuheimilisins og Þverárheimilisins, eins og hún lýsir vel í minningarblöðum sínum.

(7) Og síðast, en ekki síst. Heimsmínjaskrá Sameinuðu þjóðanna er varðveitt af UNESCO. Á henni eru yfir níuhundruð minjar, þar af tvær á Íslandi; Þingvellir (2004) og Surtsey (2008). Verkefnið heitir á ensku „UNESCO's International World Heritage Programme“. UNESCO rekur einnig biðlista eða óskalista, en þar má finna verkefni sem bíða þess að komast inn. Ísland á sex verkefni á listanum. Þau eru Breiðafjörður, Þingvallasvæðið allt, Mývatn/Laxá, Norrænt víkingaverkefni, Vatnajökulsþjóðgarður og Íslensku torfbæirnir. Þverá kemur við sögu í tveimur þessara verkefna, annars vegar hvað Mývatn og Laxá varðar, en hins vegar í frábæru verkefni sem snýst um varðveislu 14 torfbæja, og er Þverárbærinn einn þeirra. Sjá <http://www.heimsminjar.is/>. Sjá einnig fylgiskjal UNESCO með torfbæjaverkefninu sem ég hef tekið saman og finna má hér <http://www.marvidar.com>. Sjá þar undir „Um mig og mitt/Vínafélag Þveráarkirkju og Þverá“. (Árnasafn í Kaupmannahöfn og í Reykjavík eru síðan á varðveisluskrá Sameinuðu þjóðanna).

Gunnar Karlsson lýsir vel frelsisbaráttu Þingeyinga og það hafa margir aðrir gert (Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum, 1977). Þverá var miðdepill þeirrar vitundarvakningar sem varð með Þingeyingum, og síðar að e-u leyti annars staðar, á 19. öld. Gísli Sigurðsson íslenskufraeðingur vekur athygli á þeirri andlegu auðlegð sem á rætur að rekja til Þverár og Auðna á síðari helmingi 19. aldar og fram á þá 20. (Mbl. 18. apríl 2010). Hann líkir bókasafni Benedikts við Árnasafn í Kaupmannahöfn og það var „súrdeigið í daglegu brauði Þingeyinga“ að mati Laxness (TMM 1939). Þorsteinn Gylfason bar saman blómaskeið Þingeyinga og Aþenu á dögum Sókratesar, Flórens endurreisnarinnar, og gullöld Vínarborgar; „Félagslíf þeirra var afar fjölbreytilegt, en þeir áttu vissulega skilda frægð sína sem stjórnmalagarpar.“ (Að hugsa á íslensku, 1996). Þvílíkur er fjársjóður okkar. Það er okkar að varðveita

Þessi auðæfi og gera þau heyrinkunnug. Umhverfi Þverár og Auðna hentar best til þess að vera sá grundvöllur sem krafan um þá minningu stendur á.

Þegar bæjarhús, útihús og kirkja verða öll viðgerð og í höndum eins aðila má hafa þarna safn handa almenningi og fræðimönnum, sem á engan sinn líka. Vel má hugsa sér fræðimannaaðstöðu á staðnum, auk þess sem stutt er til Safnahúss Þingeyinga á Húsavík.

Reykjavík, 2010-2014.

Fyrir hönd Vínafélags Þverárkirkju;

Már Viðar Másson form.